



**REYKJANESBÆR**  
*reykjanesbaer.is*

Reykjanesbær 18. september 2019

## Fundargerð

1. fundur Menningar- og atvinnuráðs Reykjanessbæjar  
haldinn að Tjarnargötu 12, Seltjörn  
18. september 2019, kl. 15:00

### Viðstaddir:

Viðstaddir: Arnar Páll Guðmundsson, Friðjón Einarsson, Sigrún Inga Ævarsdóttir, Trausti Arngrímsson, Kjartan Már Kjartansson, Þórdís Ósk Helgadóttir og Guðlaug María Lewis sem ritaði fundargerð. Bjarni Stefánsson og Eyðís Hentze Pétursdóttir boðuðu forföll.

\* \* \*

### 1. Erindisbréf menningar- og atvinnuráðs (2019090453)

Erindisbréfið lagt fram til kynningar.

### 2. Skipting embætta í menningar- og atvinnuráði (2019090455)

Friðjón Einarsson var kjörinn formaður ráðsins.

Trausti Arngrímsson var kjörinn varaformaður ráðsins.

Eyðís Hentze Pétursdóttir var kjörin ritari ráðsins.

### 3. Kynning á verkefnum og starfssviði menningar- og atvinnuráðs (2019090456)

Forstöðumaður Súlunnar kynnti starfssvið og skipurit Súlunnar.

### 4. Fundartími menningar- og atvinnuráðs (2019090457)

Ákvörðun frestað til næsta fundar.

### 5. Tilmæli Örnefnanefndar til sveitarfélaga á Íslandi (2019070114)

Tilmæli Örnefnanefndar kynnt um að sveitarfélög hafi frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf er á og sporna gegn óviðunandi nafni sem annars gæti fest í sessi. Samkvæmt Örnefnanefnd hafa ferðaþjónustufyrirtæki hafi í auknum mæli tekið að nota ensk nöfn á íslenskum stöðum í markaðssetningu. Í ljósi þess mælir Örnefnanefnd með því að reynt verði að finna leiðir til að bregðast við ef ensk nöfn á íslenskum stöðum eru líkleg til að festast í sessi. Ráðið felur forstöðumannni Súlunnar að kanna hvort slíkt eigi við um örnefni í Reykjanesbæ og koma málinu í viðeigandi farveg.

### 6. Menningarverðlaun Reykjanessbæjar 2019 (2019090461)

Ráðið felur forstöðumannni Súlunnar að auglýsa eftir hugmyndum bæjarbúa að verðugum fulltrúa til menningarverðlauna ársins 2019.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Arnar Páll Guðmundsson".

## 7. Umsókn um Vestnorden kaupstefnu í Reykjanessbæ 2020 (2019080689)


Ráðið upplýst um stöðu mála og styður umsókn Reykjanessbæjar og Markaðsstofu Reykjaness um að Vestnorden kaupstefnan verði haldin í Reykjanessbæ á næsta ári.

## 8. Ljósanótt (2019050127)

Undirbúningur og framkvæmd tuttugustu Ljósanæturinnar gekk vel. Sérstök áhersla var í ár lögð á menningu erlendra íbúa m.a. með sýningu á pólskri myndlist í Duus Safnahúsum. Einnig var áhersla lögð á að bjóða upp á ókeypis leiktæki og skemmtidagskrá fyrir börn til viðbótar við þau tæki þar sem gjalds er krafist. Þá voru fyrstu skrefin stigin í að sporna gegn notkun á einnota plasti á Ljósanótt og verður haldið áfram að þróa það verkefni. Góð þátttaka var í öllum viðburðum hátíðarinnar sem stóð frá miðvikudegi til sunnudags en minni þátttaka en áður var á laugardegi vegna mikils vatnsveðurs að deginum til. Með góðum undirbúningi og snöggum viðbrögðum starfsmanna var ekki þörf á að aflýsa viðburðum heldur voru þeir fluttir til sunnudags og mæltist það vel fyrir. Ráðið þakkar öllum sem stóðu að framkvæmd Ljósanætur í ár. Sérstakar þakkir eru færðar Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa fyrir hennar framlag sem framkvæmdastjóri hátíðarinnar sl. 20 ár.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05

  
Inga Ómarsdóttir  
  
Anna Þóra Guðmundsdóttir  
SÍGRÍÐ INGA ÓMARSÐ.